# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga heldur lýsingar á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, upplýsingum um grunnþætti, lykilhæfni og námsmat.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

Nánari upplýsingar um námsbrautir má finna á vef Menntamálastofnunar:
https://mms.is/stadfestar-namsbrautalysingar.

2. gr.

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Almennt nám matvæla- og ferðagreina, grunnnám starfsgreina, hæfniþrep 1 | (19-150-1-2) |
| Bílamálun, bílamálari, hæfniþrep 3 | (19-299-3-8) |
| Fisktæknibraut, fisktæknir, hæfniþrep 2 | (19-284-2-5) |
| Framhaldsskólabrú, framhaldsskólapróf, hæfniþrep 1 | (19-339-1-1) |
| Grunnnám matvæla- og ferðagreina, grunnnám starfsgreina, hæfniþrep 1 | (19-83-1-2) |
| Matartæknir, matartæknir, hæfniþrep 3 | (19-288-3-8) |
| Málm- og véltæknibraut - rennismíði, rennismiður, hæfniþrep 3 | (19-180-3-8) |
| Málm- og véltæknibraut - stálsmíði, stálsmiður, hæfniþrep 3 | (19-173-3-8) |
| Málm- og véltæknibraut - vélvirkjun, vélvirki, hæfniþrep 3 | (19-179-3-8) |
| Snyrtibraut, snyrtifræðingur, hæfniþrep 3 | (19-315-3-8) |
| Starfsbraut, starfsbraut, hæfniþrep 1 | (19-431-1-12) |
| Tölvuleikjagerð, stúdent, hæfniþrep 3 | (19-430-3-7) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 20. júní 2019.*

**Lilja Dögg Alfreðsdóttir.**

*Ásta Magnúsdóttir.*